

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**865. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 13. apríl 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

**Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir

**Afgreiðslur:**

**1. Málefni byggingafulltrúa.**

Rætt um málefni varðandi starf byggingafulltrúa.

**2. 150418. Fundargerðir Róta bs.**

Lagðar fram til kynningar

a) Fundargerð stjórnar Róta bs. frá 16. febrúar sl.

b) Fundargerð stjórnar Róta bs. frá 24. febrúar sl

c) Fundargerð upplýsinga- og kynningarfundar um málefni fatlaðs fólks, sem haldinn var 11. mars sl. með fulltrúum sveitarstjórna á starfssvæði Róta bs.

**3. 1504019. Fundargerð Sambands ísl. sveitarfélaga**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. mars sl.

**4. 1503092. Fundarboð Forsætisráðuneytisins**

Lagt fram fundarboð frá Forsætisráðuneytinu um málefni þjóðlenda, sem haldinn verður í Stjórnsýsluhúsinu á Sauðárkróki 22. maí nk. kl 11:00

**5. 1504007. Tölvupóstur frá Ian Bytheway**

Lögð fram uppsögn á leiguíbúð að Kirkjuvegi 12, frá Ian Bytheway

**6. 1504020. Fjallskiladeild Víðdælinga**

Lagður fram til kynningar ársreikningur fjallskiladeildar Víðdælinga fyrir árið 2014 ásamt fundargerð fjallskiladeildar frá 30. mars sl.

**7. 1403009. Ráðning í starf á Sambýlið.**

Lögð fram til kynningar uppsögn á starfi við Sambýlið á Hvammstanga frá Elísu S. Guðmundsdóttur. Í starfið hefur verið ráðin Helga Rós Níelsdóttir.

**8. 1504021. Erindi frá leikskólastjóra**

Lagt fram bréf Guðrúnar Láru Magnúsdóttur, leikskólastjóra dags. 13. apríl sl. þar sem hún óskar eftir 50% starfshlutfalli til stuðnings nemanda í leikskóla. Erindinu vísað til umsagnar sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:06

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Elín R. Líndal

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir.